

I. Umhverfis- og loftslagsstefna Menntaskólans að Laugarvatni

Loftslagsbreytingar af mannavöldum grafa undan skilyrðum til lífs á jörðinni. Það er því hagur bæði núlifandi og framtíðarkynslóða að draga úr áhrifum þeirra eins og mögulegt er. Menntaskólinn að Laugarvatni ætlar að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og hefur sett sér loftslagsmarkmið í samræmi við umhverfis- og loftslagsstefnu.

Þessi umhverfis- og loftslagsstefna hefur verið endurskoðuð og samþykkt af stjórn Menntaskólans að Laugarvatni í ársbyrjun 2023. Öllum starfsmönnum hefur verið kynnt umhverfis- og loftslagsstefna og áherslur næstu ára. Umhverfis- og loftslagsstefna skal vera aðgengileg hagsmunaaðilum, t.d. á heimasíðu

1. Umfang

Umhverfis- og loftslagsstefna Menntaskólans að Laugarvatni fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum um loftslagsstefnur opinbera aðila. Stefnan tekur til umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni innan skólahúsnaðisins. Við höfum greint þýðingarmestu umhverfisþættina í starfsemi okkar og byggt umhverfis- og loftslagsstefnu og aðgerðaáætlun á greiningunni. Þessi þættir eru:

1. Samgöngur
 - Losun CO₂ vegna flugferða starfsmanna
 - Losun CO₂ vegna aksturs á bílaleigu- og leigubílum
 - Akstur starfsmanna til og frá vinnu er einnig hafður til hliðsjónar í þessari áætlun. Skólinn mun hvetja starfsmenn til að uppfæra sinn ferðamáta í umhverfisvænan kost bæði með fræðslu og með því að koma upp hleðslustöðvum fyrir rafbíl á lóð skólans.
2. Orkunotkun
 - Rafmagnsorkunotkun í skólabyggingu
 - Heitavatnsnotkun í skólabyggingu
3. Úrgangur
 - Losun CO₂ vegna lífræns úrgangs sem fellur til í skólahúsnaðinu
 - Losun CO₂ vegna blandaðs úrgangs sem fellur til í skólahúsnaðinu
 - Heildarmagn úrgangs sem fellur til í skólahúsnaðinu
 - Magn útprentaðs skrifstofupappírs í skólahúsnaðinu
 - Endurvinnsluhlutfall í skólahúsnaðinu
4. Innkaup
 - Pappírnotkun og prentþjónusta
 - Magn skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir
 - Hlutfall umhverfisvottaðs skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir
 - Aukið hlutfall lífræn innkaup í mötuneyti
 - Innkaup úr heimabyggð í mötuneyti
5. Efnanotkun og ræstiþjónusta
 - Magn ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir
 - Hlutfall umhverfisvottaðra ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir
6. Fræðsla starfsfólks
 - Regluleg umhverfisfræðsla til starfsmanna, fjórum sinnum á ári, sem viðburður eða fræðsla



2. Gildissvið

Stefna þessi tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri Menntaskólans að Laugarvatni og varðar allt starfsfólk stofnunarinnar sem og nemendur skólans. Menntaskólinn að Laugarvatni er staðsettur á Laugarvatni í Bláskógabyggð en starfsfólk er búsett víða. Lögð er áhersla á að mæla þá umhverfisþætti sem falla undir umfang stefnunnar, þ.e.a.s. þættir sem tengjast skólahúsnæðinu beint.

3. Tenging við núverandi skuldbindingar

Menntaskólinn að Laugarvatni leggur sitt af mörkunum til að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu sé náð og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Menntaskólinn að Laugarvatni tryggir að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hans sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar.

Við höfum greint viðeigandi lagakröfur á sviði umhverfismála sem snúa að starfseminni. Við yfirförum kröfurnar árlega. Við uppbyggingu umhverfisstjórnunarkerfisins tökum við mið af lagakröfum. Stofnunin fylgir Grænum skrefum í ríkisrekstri.

4. Forysta

Við höfum skilgreint hlutverk og skuldbindingu æðstu stjórnenda. Lykilstjórnendur eiga m.a. að:

- Tryggja að umhverfis- og loftslagsstefna og markmið séu innleidd og í samræmi við hlutverk og stefnu starfseminnar
- Tryggja nægan mannauð, fjármagn og tíma í umhverfisstjórnunarkerfið
- Miðla upplýsingum um umhverfisstjórnunarkerfið innávið og útávið
- Stuðla að stöðugum umbótum
- Úthluta hlutverkum og ábyrgð til starfsmanna til að tryggja virkni kerfisins
- Rýna umhverfisstjórnunarkerfið árlega

II. Framtíðarsýn

Menntaskólinn að Laugarvatni ætlar að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki.

III. Yfirmarkmið

Við höfum sett okkur markmið varðandi þá umhverfisþætti sem umhverfis- og loftslagsstefna starfseminnar nær til.

- Að fylgja settum lögum og reglugerðum umhverfisvernd
- Þjóða uppá fræðslu og viðburði fyrir starfsfólk og nemendur um umhverfismál
- Minnka heildarlosun CO₂
- Kolefnisjafna alla losun sem tengist starfsemi skólans
- Stuðla að stöðugum umbótum



Menntaskólinn að Laugarvatni ætlar að draga úr heildarlosun CO₂ um **4 tonn fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Það þýðir að árið 2030 ætlar skólinn ekki að losa meira en 9 tonn sem er samdráttur um rúm 30%.**

Stofnunin hefur kolefnisjafnað alla losun sem tengist starfsemi skólans frá árinu 2020.

Flokkur tonn Co ₂	2019	2030
Heitt vatn	Ómarktækt	Ómarktækt *
Rafmagn	1,071	1
Akstur	3,73	2
Flug	2,075	2
Úrgangur	6,448	4
Samtals	13,32	9

* Markið sett síðar, þegar marktækar mælingar liggja fyrir.

IV. Eftirfylgni

Við tökum árlega saman árangur umhverfisstarfsins í Grænu bókhaldi og umhverfisskýrslu og miðlum innanhúss og út á við.

Við erum með skjalfestar verklagsreglur sem tryggja að:

- lagakröfur á sviði umhverfismála séu uppfylltar.
- þýðingarmiklir umhverfisþættir séu skilgreindir og sett séu markmið um að draga úr umhverfisáhrifum þeirra.
- umhverfis- og loftslagsstefnu, markmiðum og aðgerðaáætlun sé fylgt eftir.
- fræðsluáætlun sé sett og rýnd árlega.
- rýni stjórnenda á umhverfisstjórnunarkerfinu fari fram árlega.

Frá árinu 2016 hefur Menntaskólinn að Laugarvatni haldið Grænt bókhald þar sem teknir eru saman þýðingamestu umhverfisþættir í starfseminni. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að móta stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum. Fyrir 1. apríl ár hvert er Grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í Gagnagátt Umhverfisstofnunar. Umhverfis- og loftslagsstefnan er rýnd árlega af verkefnastjóra Grænna skrefa í ML og stjórnendum og áherslur, markmið og aðgerðaráætlun uppfærð þegar niðurstöður Græns bókhalds liggja fyrir.

Uppfærslur verða lagðar fyrir á starfsmannafundi til samþykktar. Niðurstöður Græns bókhalds og árangur umhverfis- og loftslagsstefnu verða birtar á vef Menntaskólans að Laugarvatni.



V. Kolefnisjöfnun

Eftirstandandi losun hvers árs frá árinu 2021 vegna innri starfsemi ML verður kolefnisjöfnuð með kaupum á áreiðanlegum kolefniseiningum og/eða í samstarfi við Kolvið og Votlendissjóð.

Menntaskólinn að Laugarvatni stendur fyrir sínu eigin skógræktarverkefni þar sem nemendur skólans taka virkan þátt í að kolefnisjafna ferðalög sín með skógrækt á Langamel við Laugarvatnsfjall. Vonast er til að verkefnið á Langamel fái samþykkt sem kolefnisjöfnun rekstrar Menntaskólans að Laugarvatni og þannig verði hægt að styðja betur við verkefnið.

VI. Aðgerðaráætlun

Við höfum sett okkur markmið fyrir þá umhverfisþætti sem umhverfis- og loftslagsstefna starfseminnar nær til. Sérstaklega mikilvægt er að markmið séu sett fyrir þýðingarmikla umhverfisþætti starfseminnar. Markmiðin eru mælanleg þar sem mögulegt er.

Við höfum unnið aðgerðaáætlun til að ná settum markmiðum. Aðgerðir skulu:

- Vera tímasettar
- Hafa tilgreindan ábyrgðaraðila
- Stöðugar umbætur

Hér að neðan koma tillögur að aðgerðum sem ML þarf að taka afstöðu til til að ná markmiðum sínum í losun.

Flokkur tonn Co2	2019	2030
Heitt vatn	Engar mælingar	Ómarktækt
Rafmagn	1,071	1
Akstur	3,73	2
Flug	2,075	2
Úrgangur	6,448	4
Samtals	13,32	9

1. Heitt vatn

Markmið: Setja markmið þegar raunhæfar mælingar liggja fyrir.

Ábyrgðaraðili: Skólameistari / umsjónarmaður fasteigna

Vitað fyrir fram að það verður ekki raunhæft, þar sem talan 0 byggir á því að engar mælingar hafa verið til ársins 2021. Bókhald frá árinu 2022 mun sýna okkur losun vegna heita vatns og getum við tekið afstöðu til málsins í kjölfarið.



2. Rafmagn

Markmið: úr 1,071 tonn í árið 2019 1 tonn 2030

Ábyrgðaraðili: Skólameistari / umsjónarmaður fasteigna

Aðgerð:

1. Merkingar settar upp víðsvegar í skólabyggingu þar sem nemendur og starfsfólk er minnt á að fara sparlega með rafmagn (svo sem merkingar frá Umhverfisstofnun um að slökkva skuli á ljósum og raftækjum sem ekki eru í notkun).
2. Nemendur og starfsfólk reglulega minnt á mikilvægi þess að ganga vel um rafmagn og auka meðvitund þeirra um að slökkva á ljósum og raftækjum þegar rými eru yfirgefin.
3. Skipt verður um flúorljós víðsvegar um skólann yfir í ledlýsingu.

3. Akstur

Markmið: úr 3,73 tonnum árið 2019 í 2 tonn árið 2030

Ábyrgðaraðili: Skólameistari / umsjónarmaður fasteigna

Aðgerð:

1. Ferðavenjukönnun er framkvæmd árlega. Þessi könnun verður gerð á starfsmannafundi 3. sept. 2021 fyrst og mun síðan fara í árlegt verklag. Aðgerðir mótast árlega út frá niðurstöðu könnunnar
2. Einnig hefur verður útbúið tölvupóstfangið grauenuskrefin@ml.is þar sem allir fá kost á að skila inn tillögum. Tölvupóstfanginn verður auglýstur á árlegum starfsmannafundi á hausti hverju og svo sendir verkefnastjóri Grænna skrefa áminningu út á vorönn.
3. Við erum með gull í hjólavottun vinnustaða
4. Við nýtum fjarfundi og höfum verklag í gæðakerfinu okkar varðandi fundi innlendis og erlendis.
5. Allir fólksbílar (og önnur ökutæki þegar það er hægt) keypt af vinnustaðnum eftir árið 2020 ganga fyrir innlendum orkugjöfum.
6. Við bjóðum upp á rafhleðslustöð fyrir rafbíla fyrir starfsfólk, nemendur og gesti

4. Flug

Markmið: Úr 2,075 tonn fyrir árið 2019 í 2 tonn fyrir árið 2030

Ábyrgðaraðili: Skólameistari / umsjónarmaður fasteigna

Aðgerð:

1. Við kolefnisjöfnum allt flug á vegum skólans.
2. Við höfum útbúið verklag í gæðakerfi okkar sem auðveldar starfsmönnum að meta hvort að hægt sé að fara á fund erlendis í gegnum fjarfund eða hvort nauðsynlegt sé að mæta í eigin



persónu. Við notumst við plakatið „Á ég að fljúga“ og höfum það sýnilegt á kaffistofu kennara og tilkynningatöflu nemanda

5. Úrgangur

Ábyrgðaraðili: Umsjónarmaður fasteigna

Aðgerð:

1. Úr 6,448 tonnum fyrir 2019 í 4 tonn fyrir 2030
2. 60% úrgangur er flokkaður til endurnotkunar eða endurvinnslu fyrir árið 2022
3. 70% úrgangur er flokkaður til endurnotkunar eða endurvinnslu fyrir árið 2023
4. 80% úrgangur er flokkaður til endurnotkunar eða endurvinnslu fyrir árið 2024

a) Greining á úrgangi

1. Við gerum mánaðarlega greiningu á úrgangsmyndun, endurskoðum markmið um hversu mikið við ætlum að draga úr myndun úrgangs og aðgerðir um hvernig við ætlum að draga úr myndun hans

b) Innviði

1. Engin ílát eru undir almennan úrgang við skrifborð starfsmanna eða nemenda. Allir fara sjálfir með almennan úrgang í flokkun í sameiginlegum rýmum.
2. Við höfum verið með skiptistöð (borð og/eða fataslá) þar sem starfsmenn gátu komið með hluti að heiman sem þeir vildu gefa áfram og aðrir gátu tekið. Við höfum einnig verið með skiptimarkað sem stóð yfir í viku og mun það vera árlegur viðburður hjá okkur héðan af.

c) Burðapokar

1. Við notum margnota burðarpoka í stað einnota við innkaup á smávöru. Við höfum sett upp miða sem minnir starfsmenn á að taka með sér pokana.
2. Við höfum lágmarkað notkun okkar á plastpokum eins og mögulegt er, t.d. sleppt þeim alfarið í flokkunartunnum eða notað þá aftur og aftur. Ef við þurfum að nota plastpoka þá notum við plastpoka sem innihalda endurunnið plast.

d) Fræðsla

1. Við sýnum starfsfólki reglulega myndir af hvernig tekst til með flokkunina, hrósum þegar allt er rétt flokkað og gefum starfsfólki leiðbeiningar þegar hlutir sem henta vel til endurvinnslu hafa ratað í tunnur fyrir óflokkaðan úrgang.

e) Aðgerðir

1. Við förum í flokkunaráttak árlega (t.d. í viku eða mánuð í senn) þar sem fyrirfram ákveðnu endurvinnsluhlutfalli skal vera náð.
2. Ef stofnunin þarf að losa sig við hluti sem ekki eru lengur not fyrir eins og raftæki, húsgögn, eldhústæki eða borðbúnað er fyrsta skref að koma hlutunum áfram til annarra aðila, t.d. verslana og markaða sem taka við notuðum vörum eða annarra stofnana/fyrirtækja. Hægt er að nýta sér Nytjamarkað Grænna skrefa á Facebook.
3. Stofnunin stefnir athugun á magni matarsóunar frá eldhúsi/mötuneyti í minnst 1 viku á árinu. Mælingarnar skulu vera tvönnar konar; annars vegar:



- a. matarsóun í framreiðslu (magn matar sem er eldaður og ekki nýttur) og hins vegar
- b. matarsóun af diskum í matsal.

Lífrænu tunnurnar eru vigtaðar þegar þær eru sóttar til okkar og mun skólinn nýta tölur frá gámafyrirtæki til frekar áætlanagerðar.

4. Við bjóðum upp á veitingar með sem lægstu kolefnisspori og veljum umhverfisvænni próteingjafa (t.d. baunir, belgjurtir, hnetur, egg, fisk, kjúkling, ost, innmat) frekar heldur en rautt kjöt. Við höfum aukið til muna verslun í heimabyggð.

6. Fræðsla

Við upplýsum og fræðum stöðugt starfsmenn okkar til að gera þá meðvitaðri og hæfari í að draga úr umhverfisáhrifum í störfum sínum og daglegu lífi. Við setjum okkur fræðsluáætlun fyrir hvert ár þar sem fram kemur hvernig fræðsla fer fram á árinu, hversu oft, hvenær og hver sér um hana.

Markmið: Að starfsfólk fái fræðslu/átak um umhverfismál minnst 4 sinnum á ári

Ábyrgðaraðili: Skólameistari / Verkefnastjóri Grænna skrefa

Aðgerð: Fræðsluerindi; fyrirlestrar, skilaboð með tölvupósti sem bæði fræðsla og hvatning.